

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 151/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 496/2007 frá 4. maí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 að því er varðar innleiðingu á hámarksgildi leifa fyrir aukefnið Salinomax 120G, sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf, í fódri ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 497/2007 frá 4. maí 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8 (Safizym X) sem aukefni í fódri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 500/2007 frá 7. maí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1463/2004 að því er varðar innleiðingu á hámarksgildi leifa fyrir aukefnið Sacox 120 microGranulate, sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf, í fódri ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 516/2007 frá 10. maí 2007 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fódri ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir gerjunarafurðinni *Aspergillus oryzae* NRRL 458 (Amaferm) sem aukefni í fódri ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 62, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 66.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 117, 5.5.2007, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 117, 5.5.2007, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 118, 8.5.2007, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 122, 11.5.2007, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 13.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1463/2004):
„– **32007 R 0500**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 500/2007 frá 7. maí 2007 (Stjtíð. ESB L 118, 8.5.2007, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005):
„– **32007 R 0496**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 496/2007 frá 4. maí 2007 (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2007, bls. 9).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzo (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2007):
„1zzzp. **32007 R 0497**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 497/2007 frá 4. maí 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8 (Safizym X) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2007, bls. 11).
1zzzq. **32007 R 0516**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 516/2007 frá 10. maí 2007 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 122, 11.5.2007, bls. 22).
1zzzt. **32007 R 0537**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir gerjunarafurðinni *Aspergillus oryzae* NRRL 458 (Amaferm) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 496/2007, 497/2007, 500/2007, 516/2007 og 537/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.